



Björg Baldursdóttir
Formaður velferðar- og mannréttindaráðs

Kópavogi, 7. mars 2025
25012003/999.00 Sp

Tillaga: Fyrirkomulag styrkveitinga til verkefna á sviði velferðar-, mannréttinda- og jafnréttismála

Velferðarsvið Kópavogsbæjar hefur til margra ára veitt styrki til fjölmargra félagasamtaka sem sinna mikilvægri þjónustu til einstaklinga og þá gjarnan í formi sérhæfðrar ráðgjafarþjónustu, meðferðar- eða stuðningsúrræða af ýmsum toga.

Núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir að félagasamtök senda inn erindi til velferðarsviðs sem er lagt fyrir fundi velferðarráðs, nú velferðar- og mannréttindaráðs, þar sem ráðið tekur umsóknir til afgreiðslu og samþykkir ef svigrúm er til innan gildandi fjárheimilda. Eftirfylgd og yfirsýn yfir fyrirkomulag styrkja og þeirra félagasamtaka sem hafa þegið styrki hefur ekki verið nægilega skilvirkt og í sumum tilvikum hefur borið á því að samþykktir hafa verið styrkir til félagasamtaka sem innheimta svo ekki styrkinn til sveitarfélagsins fyrr en gengið er á eftir slíku. Í sumum tilvikum hafa félagasamtök fengið styrkbeiðni samþykkt en styrkir aldrei komið til greiðslu þar sem innheimta hefur ekki farið fram og eftirfylgd með samþykktum styrkjum og útgreiddum, ekki nægilega markviss.

Lagt er til að komið verði á nýju verklagi þegar kemur að styrkveitingum til félagasamtaka. Auglýst verði ár hvert að hausti eftir umsóknum um styrki á sviði velferðar-, mannréttinda- og jafnréttismála, fyrir komandi fjárhagsár. Sama fyrirkomulag verði viðhaft og fráfarandi jafnréttis- og mannréttindaráð viðhafði og góð reynsla hefur verið af. Með því að auglýsa styrkveitingar opinberlega á heimasíðu Kópavogsbæjar og helstu miðlum, eru líkur á að félagasamtök og verkefni sem hafa mikið samfélagslegt gildi, hafi jafna möguleika á úthlutun hvað varðar styrkveitingar. Umsóknarfrestur verði skilgreindur í auglýsingu og velferðar- og mannréttindaráði verði falið að fara yfir umsóknir og ákvarða úthlutun sem byggir á fjárheimildum komandi árs. Þegar ákvörðun um styrkveitingar komandi fjárhagsár liggur fyrir verði styrkhöfum boðið til formlegrar móttöku á vegum velferðar- og mannréttindaráðs þar sem styrkir verða veittir og styrkhöfum jafnframt afhent viðurkenning.

Samhliða samþykkt styrkveitinga verði á sama tíma lagt fram yfirlit yfir veitta styrki ársins þar á undan svo skýr yfirsýn sé til staðar.

Virðingarfyllt

Sigrún Þórarinsdóttir
Sviðsstjóri velferðarsviðs Kópavogsbæjar